

# Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2021

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra  
Höfðabraut 6  
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórn laga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 2,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 88,0 millj. kr. En vísað er til ársreikningsins varðandi jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 7 starfsmenn hjá SSNV í 7 ársverkum, auk þeirra störfuðu 20 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun og launatengd gjöld stjórnar og framkvæmdastjóra námu 27,1 millj. kr. á árinu (2020; 26,1 millj. kr.). Heildarlaun og launatengd gjöld námu 93,6 millj. kr. á árinu 2020 (2020, 75,8 millj. kr.).

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru 7 en þau eru: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduós, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Áhrif heimsfaraldursins hafa ekki verið veruleg á rekstur samtakanna á árinu 2021.

Verði áhrif faraldursins neikvæð á rekstur sveitarfélaga sem að SSNV standa á árinu 2022 er það mat stjórnenda að rekstrarhæfi samtakanna sé tryggt, eiginfjárstaða samtakanna er sterk auk þess sem nægt handbært fé er til staðar til að mæta skammtíma sveiflum í sjóðsflæði.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Skagafirði, 1.4. 2022.

Stjórn:

Ingibjörg Huld Þórðardóttir  
Anna Margrét Sigurðardóttir  
Álfhildur Leifsdóttir  
Halldór Gunnar Ólafsson  
Þorleifur Karl Eggertsson

Framkvæmdastjóri:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 22. mars 2022 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Skagafirði, 1.4. 2022.

**KPMG ehf.**

Kristján Jónasson  
Haraldur Örn Reynisson

# Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlag ríkissjóðs .....		204.282.309	176.202.461	186.687.667
Framlag sveitarfélaga .....		23.891.342	23.749.326	23.852.424
Framlag til Áfangastofu .....		43.000.000	0	0
Aðrar tekjur .....		27.164.316	12.755.000	39.748.383
	2	<u>298.337.967</u>	<u>212.706.787</u>	<u>250.288.474</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	7	93.561.425	74.782.168	75.764.351
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar .....		30.620.842	43.418.637	47.605.127
Framlag til Áfangastofu .....		43.000.000	0	0
Markaðs- og kynningarátak .....		5.116.345	5.000.000	5.956.013
Styrkveitingar .....		102.039.990	95.000.000	87.915.116
Stjórnunarkostnaður .....		27.561.852	28.344.383	30.492.728
		<u>301.900.454</u>	<u>246.545.189</u>	<u>247.733.335</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....</b>		( 3.562.487)	( 33.838.402)	2.555.139
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Vaxtatekjur .....		1.071.124	1.500.000	1.268.450
Fjármagnstekjuskattur .....		( 234.315)	0	( 264.441)
Vaxtagjöld .....		( 69.294)	0	( 137.338)
		<u>767.515</u>	<u>1.500.000</u>	<u>866.671</u>
		( 2.794.971)	( 32.338.402)	3.421.810
Áhrif hlutdeildarfélags .....		0	0	1.124.504
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) .....</b>	8	<u>( 2.794.971)</u>	<u>( 32.338.402)</u>	<u>4.546.314</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs .....	3,7	5.208.115	5.434.288
Fastafjármunir		<u>5.208.115</u>	<u>5.434.288</u>
Næsta árs gjaldfærsla, fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs .....	7	226.173	226.173
Viðskiptakröfur .....		3.629.100	19.844.953
Aðrar kröfur .....		106.417	2.345.479
Handbært fé .....	7	149.042.363	130.254.937
Veltufjármunir		<u>153.004.053</u>	<u>152.671.542</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>158.212.168</u></u>	<u><u>158.105.830</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Eiginfjárreikningur .....		87.961.812	90.756.783
Eigið fé	8	<u>87.961.812</u>	<u>90.756.783</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	9	17.707.897	14.963.563
Skuldbindingar		<u>17.707.897</u>	<u>14.963.563</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður .....		5.914.459	4.156.102
Ógreiddir styrkir .....		31.904.451	36.698.716
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar .....	9	562.000	449.000
Aðrar skammtímaskuldir .....		14.161.549	11.081.666
Skammtímaskuldir		<u>52.542.459</u>	<u>52.385.484</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>158.212.168</u></u>	<u><u>158.105.830</u></u>





# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórn laga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaðbróun, atvinnumál menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlaun tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfurétt myndast.

### 3. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum.

### 4. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 4,2 millj. kr. í árslok 2021 og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

### 6. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	66.231.057	52.263.826
Stjórnarlaun .....	8.068.208	8.066.290
Launatengd gjöld .....	16.734.708	13.584.755
Áfallið orlof, breyting .....	( 351.065)	177.249
Annar starfsmannakostnaður .....	271.127	128.042
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	226.173	226.173
Lífeyrisskuldbinding starfsmanna ríkisins B.deild, breyting .....	3.409.569	1.318.016
Atvinnuleysistryggingasjóður Hefjum störf .....	( 1.028.352)	0
	<u>93.561.425</u>	<u>75.764.351</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	7,0	7,0
Ársverk .....	6,8	5,8

# Skýringar frh.

## 7. Laun og launatengd gjöld frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2021 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	5.660.461
Gjaldfært á árinu.....	(226.173)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>5.434.288</u>
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:.....	
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	226.173
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	5.208.115
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>5.434.288</u>
Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:.....	
Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	4.947.788
Framlag í varúðarsjóð.....	484.500
	<u>5.432.288</u>

## 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2020 .....	86.210.469
Rekstrarniðurstaða ársins .....	4.546.314
Eigið fé 31.12.2020 .....	90.756.783
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 2.794.971)
Staða 31.12.2021 .....	<u>87.961.812</u>

## 9. Lífeyrisskuldbinding

Á SSNV hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	15.412.563
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna .....	( 552.235)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	<u>3.409.569</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2021 .....	18.269.897
Skammttímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	( 562.000)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2020 .....	<u>17.707.897</u>

## Skýringar frh.

---

### 9. Lífeyrisskuldbinding, frh.

Afborganir árið 2022 .....	562.000
Afborganir árið 2023 .....	606.000
Afborganir árið 2024 .....	644.000
Afborganir árið 2025 .....	695.000
Afborganir árið 2026 .....	738.000
Síðar .....	15.024.897
Afborganir lífeyrisskuldbindingu samtals .....	<u>18.269.897</u>

### 10. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn SSNV auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar SSNV. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### 11. Samningur um Sóknaráætlun 2020-2024

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, umsjónar- og framkvæmdaaðili sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2020 til 2024. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.
- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
- Móta sóknaráætlun Norðurlands vestra sem nær yfir árin 2020-2024.

Í samræmi við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra eru 5,25 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSNV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Ógreiddir úthlutaðir verkefnastyrkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb.sjóður	Millifærslur	2021	Áætlun	2020
<b>Rekstrartekjur:</b>							
Framlag ríkissjóðs .....	33.677.376	23.613.000	146.991.933	0	204.282.309	176.202.461	186.687.667
Framlag sveitarfélaga .....	3.891.348	19.999.994	0	0	23.891.342	23.749.326	23.852.424
Framlag v. almenningsgangna .....	0	0	0	0	0	0	0
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV .....	10.500.000	0	0	( 10.500.000)	0	0	0
Þátttaka annarra í rekstri SSNV .....	0	0	0	0	0	0	0
Framlag til Áfangastofu .....	43.000.000	0	0	0	43.000.000	0	0
Aðrar tekjur .....	3.438.751	7.780.000	15.945.565	0	27.164.316	12.755.000	39.748.383
	<u>94.507.475</u>	<u>51.392.994</u>	<u>162.937.498</u>	<u>( 10.500.000)</u>	<u>298.337.967</u>	<u>212.706.787</u>	<u>250.288.474</u>
<b>Laun og annar starfsmannakostnaður:</b>							
Laun .....	20.817.100	28.452.855	16.961.102	0	66.231.057	52.836.420	52.263.826
Laun stjórnar .....	5.979.433	0	2.088.775	0	8.068.208	8.344.795	8.066.290
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	3.564.398	3.841.143	2.501.714	0	9.907.255	8.412.322	7.830.741
Tryggingagjald .....	1.914.975	1.972.267	1.323.452	0	5.210.694	3.885.007	4.418.337
Stéttarfélagsgjöld .....	349.362	885.059	382.338	0	1.616.759	1.223.624	1.335.677
Áfallið orlof, breyting .....	4.124	( 355.189)	0	0	( 351.065)	0	177.249
Annar starfsmannakostnaður .....	271.127	0	0	0	271.127	80.000	128.042
Viðbótarframlag, lífsj. Brú .....	226.173	0	0	0	226.173	0	226.173
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu .....	3.409.569	0	0	0	3.409.569	0	1.318.016
Atvinnuleysistryggingastjóður Hefjum störf .....	0	0	( 1.028.352)	0	( 1.028.352)	0	0
	<u>36.536.261</u>	<u>34.796.135</u>	<u>23.257.381</u>	<u>0</u>	<u>93.561.425</u>	<u>74.782.168</u>	<u>75.764.351</u>
<b>Önnur gjöld í rekstrarreikningi:</b>							
Kostnaður vegna almenningsgangna .....	0	0	0	0	0	0	0
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar .....	180.000	0	30.440.842	0	30.620.842	43.418.637	47.605.127
Framlag til Áfangastofu .....	43.000.000	0	0	0	43.000.000	0	0
Markaðs- og kynningarátak .....	5.116.345	0	0	0	5.116.345	5.000.000	5.956.013
Styrkveitingar .....	0	0	102.039.990	0	102.039.990	95.000.000	87.915.116
	<u>48.296.345</u>	<u>0</u>	<u>132.480.832</u>	<u>0</u>	<u>180.777.177</u>	<u>143.418.637</u>	<u>141.476.256</u>

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2021	Áætlun	2020
<b>Stjórnunarkostnaður:</b>							
Bifreiðastyrkur .....	1.032.156	38.304	144.324	0	1.214.784	1.632.000	1.419.290
Dagpeningar .....	745.900	496.800	217.800	0	1.460.500	1.378.000	1.239.804
Kostnaður vegna verkefna .....	3.774.898	0	538.141	0	4.313.039	3.799.000	5.258.336
Bifreiðakostnaður .....	1.785.364	1.208.845	925.076	0	3.919.285	4.275.525	4.137.768
Húsaleiga .....	826.551	756.577	0	0	1.583.128	1.901.308	1.812.081
Sameign, ræsting og viðhald .....	283.351	195.644	7.756	0	486.751	605.261	559.895
Hlutdeild í sameingulegum kostnaði SSNV .....	0	5.250.000	5.250.000	( 10.500.000)	0	0	0
Sérfræðiaðstoð .....	2.115.798	106.960	4.814.550	0	7.037.308	4.332.585	6.416.466
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta .....	1.393.799	467.879	377.396	0	2.239.074	2.953.542	2.008.095
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir .....	381.436	0	545.115	0	926.551	360.000	1.206.419
Sími og áskriftargjöld .....	388.330	166.459	175.307	0	730.096	996.567	1.342.133
Pappír, prentun og ritföng .....	123.968	33.896	3.279	0	161.143	245.898	229.647
Kostnaður við ársskýrslu .....	70.000	0	0	0	70.000	0	60.000
Póstburðargjöld og flutningskostnaður .....	45.606	3.000	0	0	48.606	89.000	75.531
Auglýsingar .....	355.064	25.941	2.991	0	383.996	350.000	1.537.871
Fundir, námskeið, sýningar og ferðakostnaður .....	1.798.813	367.728	163.085	0	2.329.626	3.555.319	1.544.092
Ábyrgðartryggingar .....	213.593	0	0	0	213.593	202.737	197.792
Bækur, tímarit og blöð .....	138.989	645	0	0	139.634	111.463	141.223
Sérstakir styrkir stjórnar .....	0	0	0	0	0	1.000.000	1.000.000
Styrkir og framlög .....	158.098	0	0	0	158.098	90.000	205.318
Annar kostnaður .....	146.350	0	290	0	146.640	466.178	100.967
	<u>15.778.064</u>	<u>9.118.678</u>	<u>13.165.110</u>	<u>( 10.500.000)</u>	<u>27.561.852</u>	<u>28.344.383</u>	<u>30.492.728</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>	<u>( 6.103.195)</u>	<u>7.478.181</u>	<u>( 5.965.825)</u>	<u>0</u>	<u>( 3.562.487)</u>	<u>( 33.838.402)</u>	<u>2.555.139</u>